



Ísraels fréttir

Á b: Félagið Zion vinir Ísrael

1. tbl. II. árg. 2003



Laufskálahátíðin 2003

Ertu með til Jerúsalem ? Sjá nánar á baksíðu blaðsins...

Aðfangadagur í Betlehem,

.. Arafat hefur skipað svo fyrir...

Eins og áður á jólum hefur mér gefist tækifæri að vera í Betlehem á aðfangadag jóla með í hópi kristinn vina frá mörgum löndum. Nokkrir þeirra eru búsettir í Ísrael og vinna þar við margvísleg líknarstörf. Einnig voru meðal okkar nokkrir kristnir palestínnumenn, búsettir í Betlehem. Þrátt fyrir áróður margra fjölmiðla um hættuástand í Betlehem, þar sem vopnaðir ísraelskir hermenn væru á hverju götuhorni og skriðdrekar allstaðar á ferðinni, drógu þessar fregnir okkur ekki frá því að heimsækja Betlehem á þessum degi, eins og við höfum gert í nokkur ár. Varðliðar voru við varðstöð landamæra til að tryggja íbúum Betlehem og Jerúsalem öryggi. Þeir brostu til okkar þegar þeir komumst að tilefni heimsóknar okkar og óskuðu okkur gleðilegra jóla. Er við komum inn á adaltorgið rétt hjá Fæðingarkirkjunni fundum við fljótlega fyrir “þungu andrúmslofti”. Þar var ekkert sem minnti á jól. Engin jólaljós í gluggum verslana eins og áður fyrir. Það var orðinn síður að skreyta torgið með jólatré, en nú sást það ekki. Það var drungi yfir öllu. Ég spurði einn verslunareiganda sem ég þekki, hvers vegna þetta væri svona. Hann laut fram yfir búðarborðið og sagði með lágri röddu, Arafat hefur skipað svo fyrir. Þessi dimma og drungi átti að vera boðskapur til

umheimsins um grimmd ísraelskra stjórnarvalda. Milljónir um allan heim beindu á þessum dögum huga sínum til Betlehem, til að minnast þess atburðar sem svo mikil áhrif hefur haft á alla mannkynssöguna, að Frelsarinn Jesús fæddist inn í þennan heim, í Betlehem.

Múslíminn Arafat, fjandmaður gyðinga og Ísraels notfærði sér þessa hátíðisdaga hins kristna heims til að sá hatri og hefnd. Það var aðeins á einum stað, rétt við Fæðingarkirkjuna að stór upplýst mynd sást þar á húsvegg. Myndin var ekki af Jesúbarninu, heldur af Arafat sjálfum. Ég spurði prest sem var þar rétt hjá hvað þessi mynd ætti að þýða á þessum stað. Hann svaraði að þetta ætti að sína grimmd Ísraelsmanna, að honum (Arafat) hafði verið meinað að koma til Betlehem og taka þátt í jólaguðþjónustu í kirkjunni. Við létum nú ekki þennan drungalega anda aftra okkur í því sem við komum til að gera, og héldum útisamkomu þar sem við sungum og spiluðum jólalög. Eftir skamma stund var kominn hópur ungra og eldri íbúa í Betlehem. Margir þökkðu okkur komuna og sungu með. Nokkrir ungir múslímskir drengir sýndu andúð og köstuðu smásteinum að okkur, kölluðu okkur gyðingavini og siónista, en það eru

nokkurskonar blótsyrði hjá þeim. Þrátt fyrir aðstæður á þessum degi, gátum við sagt frá og sungið um þann Lausnara, sem kom með ljós og kærleika inn í þenna dimma heim. Sjöónvarps og fréttamenn frá fleiri löndum komu til okkar og spurðu hvort við værum ekki hrædd að koma, vitna og syngja á þessum stað. Við gátum sagt þeim að við hefðum engan ótta, gátum einnig sagt þeim hjá BBC og CNN að við værum með mesta og sterkasta boðskap allra tíma, boðskap um sannan frið sem “heimurinn” hefur ekki tekið á móti. Boðskap um Friðarhöfðingja sem fæddist í Betlehem. Þessi vitnisburður okkar barst frá Betlehem, til margra landa.

Ég frétti, þegar ég kom aftur til Íslands að hér hefðu margir séð þessar fréttir frá Betlehem á CNN. Ég við benda á að fjöldi palestínu/araba og gyðinga hafa fundið þennan sama frið og lofa Guð Abrahams, Ísaks og Jakobs í einum Anda kærleika. Ef ég fæ tækifæri, þá mun ég fara til Betlehem á næstu jólum með sama boðskap, með eftirvæntingu.

Ólafur Jóhannsson.




Nýtt rit! Sannleikur eða...

Með útgáfu þessa rits, fylgir bæn og von að innihaldið verði mörgum til fróðleiks og blessunar. Í þau 25 ár sem ég hef verið sem ferðamaður í Ísrael, starfað fyrir hjálparstofnunar rússneskra innflytjenda í Ísrael og einnig verið fararstjóri meðal ferðamanna frá mörgum löndum í Landinu helga, hefur áhugi minn á lestri Biblíunnar sífellt aukist. Í mörgum tilfellum hefur mér fundist ég vera eins og þátttakandi í uppfyllingu fyrirheita sem ég les um á fleiri stöðum í Ritningunum.

Til þess að öðlast meiri skilning þurfum við að losa okkur við kenningstrauma sem byggðir eru á mannesetningum og rangtúlkunum. Við þekkjum kirkjudeildir og samfélög sem hafa boðað endurkomu Drottins árið 1843, þegar það gekk ekki upp þá var þeim spádómi breytt til ársins 1844 (í október). Þegar það reyndist einnig rangt hurfu margir úr því samfélagi en aðrir héldu fast við að eitthvað stórkostlegt hefði gerst á himnum. Þá var byrjað að ljúka upp “bókunum”. Tími náðarinnar var liðinn. Seinna kom fram kenning um að Drottinn

kæmi 1876. Þrátt fyrir villu sína, gáfust þeir ekki upp og sögðu nú að Jesús kæmi 1914 og stofnaði friðarríki sitt hér á jörð... Aftur var spáð að árið 1975 myndi hinn mikli atburður dóms eiga sér stað. Ekkert af þessu hefur reynt rétt. Það væri hægt að nefna marga aðra “spádóma” sem ekki reyndust af Guði gefnir.

Það er enn ein kenning sem hefur náð fylgi meðal kristinna kenninga og samfélaga, sú kenning er oft nefnd staðgengilsguðfræði og er það ástæðan fyrir útgáfu þessa rits. Fyrst sem lítill drengur í sunnudagaskóla var mér kennt að hinir vöndu gyðingar hefðu drepit Jesú. Fyrir það hefði Guð afneitað þeim og þeir þurft að líða fyrir þetta alla tíð síðan. Þeir höfðu kallað bölvunina yfir sig. Þeir sem kenna slíkt, segja einnig að Guð hafi útvalið aðra “þjóð” til að taka við hlutverki Gyðinga, þ.e. kirkjuna. Kirkjan er Ísrael. Þessi hættulega kenning hefur orðið til mikillar vanblessunar og hörmunga um aldir.



Þetta rit er ókeypis og geta áhugasamir haft samband við undirritadan.

Ólafur Jóhannsson
Box 8930
R.128. Sími 5515843.



Erikur M Steinþór A Eiríkur Arnljótur Ólafur Eiður Ólafur Jóhannsson Edda Swan Sr. Friðrik Schram

Fundur í félaginu Zíon

Fundur var í Félaginu Zíon, vinir Ísraels 28.nóv.s.l. í neðri sal Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu í Reykjavík. Ólafur Jóhannsson formaður félagsins bauð gesti velkomna sem voru milli 90 og 100. Dagskráin var fjölbreytt. Aðalræðumaður fundarinn var Friðrik Schram prestur í Hinni Íslensku Kristskirkju. Vakti ræða hans mikla athygli fyrir grundvallaða og málefnalega sannfæringu um tilverurétt Ísraels. Einnig flutti Edda Swan, formaður Aglow samfélagsins á Íslandi skemmtilega ferðasögu, þar sem hún var með hóp félaga sinna í Ísrael á síðasta ári. Fanní spilaði fyrir okkur falleg lög á þverflautu, einnig sungu

þær Fanní Tryggvadóttir og Sigríður Helgadóttir. Sigga Helga eins og hún oftast er kölluð stjórnaði einnig þessum fundi með myndarbrag eins og við áttum von á. Á milli atriða leiddu félagar úr Maríta tónlist og spiluðu undir almennum söng. Kærar þakkir til þeirra. Kaffiveitingar og meðlæti var í höndum Karólínu Eiríksdóttur sem þar eins og oftast sýndi fórnarlund sína og kærleika til þess málefni sem henni og félögum var og er efst í huga, að blessa Ísrael. Það var mikill styrkur að sjá hópinn sameinaðan fyrir málefni á meðan fjöldinn gagnrýnir og vinnur markvisst að hatri á Ísrael og gyðingabjóðinni. Þessi hópur og

margir fleiri Ísraelsvinir sjá þörfina að blessa Ísrael og vekja athygli á tilverurétti landsins. Um leið og Ísraelsvinir hvetja sem flesta til að heimsækja landið sem rætur trúar okkar ná til, þá hvetjum við vinina að biðja einnig fyrir aröbum sem búa þar. Margir þeirra lifa í ótta við sína eigin bræður. Það var gott að sjá þessa “varðmenn við múra Jerúsalem” á þessum góða fundi Ísraelsvina.

Biðjum Jerúsalem friðar. (Sálml.122.6)

Óvenjulegt viðhorf

Athugasemd ritstjóra: Þessi grein er unnin upp úr erindi Joseph Farah sem hann hélt á málþingi Christian Coalition um íslam, þann 15. febrúar í Washington. Upptaka frá málþinginu var sýnd á C-SPAN sjónvarpsstöðinni og í kjölfarið hafa hundruð manna óskað eftir handriti af ræðunni. Hér fylgir stytta útgáfa af henni:

Einkum frá 11. september 2001 hef ég verið óttalega pirraður á sjálfskipuðum talsmönnum araba og múslima sem ég hef séð í sjónvarpinu. Það pirrar mig að þeir virðast ekki kunna því neinar þakkir hvað fólk í Bandaríkjunum er í raun umburðarlynt, víðsýnt og hleypidómalaust í garð þeirra sjálfra og arabíska og íslamska menningarsvæðisins. Fólk í Bandaríkjunum er yfirleitt mjög almennilegt, sanngjarnt og skilningsríkt. Bandaríkjamenn eru síður en svo fljóttir á sér að alhæfa fólk eða stimpla það á einn eða annan veg – jafnvel þegar það er þeim fyrir bestu.

Í þessari viku þurfti ég á aðeins tveimur dögum að fljúga nú snum í almennu farþegaflugi og fara nú snum í gegnum farþegaftirlit. Aldrei var ég litinn tortryggislausum af vörðunum. Aldrei var ég rannsakaður neitt umfram aðra.

Það vill svo til að ég er bandaríkjamannur kominn af arabísku fólki. Ég hef arabískt andlitsfall og heiti arabísku nafni. En mér var engin tortryggni sýnd. Samt voru ungar mæður með reifabörn láttnar sæta eftirliti. Tinandi gamlar konur máttu standa hjá meðan rótað var í öllum þeirra föggum. – Og á sama tíma eru þrýstihópar múslima í Bandaríkjunum og araba sem úthrópa landið fyrir kynþáttastefnu og að gera upp á milli fólks. – Það er bara ekki rétt.

Ef það væri nú samt þannig, þá væri það því miður ekki alveg að ástæðulausu. – Í Bandaríkjunum er hryðjuverka helst að vænta einmitt af aröbnum og múslimum. Það er hættulegt fyrir okkur að loka augunum fyrir þeirri staðreynd.

Þegar ég á leið til Mið-Austurlanda fer ég oft með El Al flugfélaginu. Raunar vil ég helst fljúga með þeim. Af hverju? Jú, þeir hafa mjög gott öryggisftirlit. Ég veit að af því hvað ég heiti og vegna ætternis míns verður leitað betur í farangri mínum en flestra annarra bandaríkjamanna. – En er mér ekki illa við þetta? Ég held nú síður. Ég kann því bara vel. Enda veit ég að þetta vermdar ekki bara hina farþegana heldur einnig mig sjálfan. Það er ósköp eðlilegt að mismuna fólki á þennan hátt, ekki síst þegar við eigum í átökum þar sem lífsmáta okkar er stefnt í hættu. Við þá sem kannast ekki við það sem ég hef skrifað um Mið-Austurlönd og átökin milli Íslam og Vesturlanda, vil ég segja að mér virðist átökin ekki vera spröttin af misskilningi.

Ég held þau stafi ekki af samskiptaörðugleikum. Ég held þau stafi ekki af skorti á málamiðlum. Ég held þau stafi af því að vont fólk er að gera illt af sér.

Ég býst við að ég tengist Mið-Austurlöndum dálítið öðru vísi en flestir menn. En ég er arabi,

bandarískur þegn, kristinnar trúar og starfa sem blaðamaður. Ég hef komist að niðurstöðum mínum að miklu leyti út frá eigin reynslu á ferðum mínum um Mið-Austurlönd. Þau 25 ár sem ég hef unnið sem blaðamaður hef ég mest fjallað um tvö landsvæði; Hollywood og Mið-Austurlönd. – Hvað skyldu nú þessi tvö landsvæði eiga sameiginlegt? Það skal ég segja ykkur; – þau fást bæði við óraunveruleika. Bæði nýta þau sér skáldskap. Raunar beita arabar slíku ímyndunarafli við að segja ævintýri, endursemjna mannkynssöguna og hagræða staðreyndum, að kvikmyndagerðarmaðurinn Oliver Stone færi allur hjá sér. – Það er einmitt þessi skáldskapur Mið-Austurlanda sem mig langar að fjalla um núna á þeim stutta tíma sem við höfum. Um hvað fjallar þessi deila? Hver eru raunveruleg upptök átakanna?

Ef marka má það sem oftast er sagt í fjölmiðlum, stafa átökin af því að Palestínnumenn vilja sitt eigið heimaland og múslimar vilja ráða yfir helgistöðum sínum. – Þetta er nú býsna einfalt, er það ekki?

Nei, engan veginn. Þessar tvær kröfur eru ekki annað en leikfléttur eða áróðursbrellur. Þetta eru tyllíastæður fyrir hryðjuverkum og morðum á gyðingum. Raunverulegt markmið þeirra sem setja fram þessar kröfur er að þurka út Ísraelsríki. – Til að átta sig á sannleika málsins er lykilatriði að fyrir stríðið milli araba og ísraela 1967, voru ekki neinar raunverulegar kröfur um heimaland palestínnumanna. – Af hverju skyldi það nú vera? Í Sex daga stríðinu 1967, hertóku ísraelsmenn Júdeu, Samaría og Austur-Jerúsalem. En þeir tóku ekki þessi svæði frá Yasser Arafat. Þeir tóku þau frá Hussein Jórdaníukonungi. Hvernig stendur á því að svo nefndir palestínnumenn, uppgötvuðu skyndilega þjóðerni sitt eftir að Ísraelsmenn unnu stríðið? Af hverju voru engar kröfur um palestínskt heimaland fyrir þann tíma? Ástæðan er sú að Palestína er ekki frekar til en týnda borgin Atlantis. Nafnið var fyrst notað árið 70 e.Kr. þegar rómverjar hugðust uppræta gyðingþjóðina, brutu niður musteríð og lýstu yfir að landið Ísrael væri ekki lengur til. Þeir ákváðu að landið skyldi þaðan í frá heita Palestína. Það er talið sennilegt að nafnið sé dregið af Filistum, þjóð sem var sigruð af ísraelsmönnum nokkrum öldum fyrr.

Andstætt því sem Yasser Arafat kann að halda fram, var Filistaþjóðin horfin þegar hér var komið sögu. Arafat lætur gjarnan í veðri vaka að hans fólk sé afkomendur Filista. Raunin er sú að þessi nafngift var að öllum líkindum ein leið rómverja til að ná sér niðri á gyðingum; þeir voru ekki aðeins stráfélldir heldur var land þeirra látið heita eftir þeirra fornu óvinum.

Palestína hefur aldrei verið til sem þjóðríki, hvorki fyrr né síðar. Palestínu var stjórnað af rómverjum, síðan aröbnum, evrópskum krossförum, Ottomanríkinu og loks nokkra hríð af Bretum eftir fyrir heimstyrjöldina. Bretar féllust á að láta gyðingum eftir, í það minnsta hluta

landsins, sem þeirra heimaland. Hverjir voru nú á móti þeirri hugmynd? Það voru arabar. Gyðingar áttu ekkert erindi til Mið-Austurlanda. – Bara alls ekki neitt.

Arafat, og ýmsir sem teljast “hófsamir” talsmenn araba, segja það ekki nema sjálfsagt að gyðingar eigi líka sitt heimaland við hlið araba, í það minnsta þegar þeir tala við vesturlandabúa. En af hverju var það ekki í lagi 1948?

Það er ekki til neitt tungumál sem heitir palestínska. Það er ekki nein sérstök palestínsk menning. Það hefur aldrei verið neitt land sem nefndist Palestína sem stjórnað var af palestínnumönnum. Palestínnumenn eru arabar og þeir eru óaðgreinanlegir frá jórdönnum, sýrlendingum, Líbanonbúum, írökum og fleiri þjóðum. Ekki má gleyma því að arabar ráða yfir 99,9% af Mið-Austurlöndum. Ísrael nær yfir tíunda hluta af einu prósentu af svæðinu öllu.

Það finnst aröbnum of mikið. Þeir vilja ráða öllu svæðinu. Og það er á endanum það sem átökin snúast um. Það skiptir engu hvað ísraelsmenn láta mikið land af hendi. Það verður aldrei nóg. – Arafat hefur sjálfur skýrt tilgang sinn með viðræðum við ísraelsmenn, í ræðu sem hann hélt 1994 í Suður-Afríku á ensku. Og þetta hefur hann raunar sagt ótal snum á arabísku. – “Fyrst myndum við okkar eigin ríki. Síðan notum við þetta ríki til að frelsa alla Palestínu.” Það er markmiðið og hefur alltaf verið.

Arafat og stuðn

“Að þessir flóttamenn eru til staðar, er bein afleiðing af því að arabaríkin skyldu hafa verið andvíg skiptingu landsins og stofnun ríkis gyðinga. Arabaríkin eru öll samþykkt þessari stefnu og þau verða að taka þátt í að leysa vandann.”

Emile Ghoury, ritari yfirráðs palestínuaraba, í samtali við Beirut Telegraph 6. september, 1948. “Það arabaríki sem hvatti araba í Palestínu til að yfirgefa heimili sín tímabundið, til að víkja úr vegi fyrir innrásarherjum araba, hefur svikið loforð sitt um að hjálpa þessum flóttamönnum.” –Jórdanska dagblaðið Falastin, 19. febrúar, 1949. “Hver var það sem flutti palestínnumenn til Líbanon sem flóttamenn og mega nú búa við neikvætt viðhorf dagblaða og fyrimanna sem hafa hvorki sómakennnd né samvisku? Hver flutti þá hingað bágstadda, auralausa og niðurlúta? Það voru arabaríkin og Líbanon þeirra á meðal.” –Múslimska vikublaðið Kul-Shay í Beirút, 19. ágúst, 1951.

“Fimmtánda maí, 1948, bar að höndum... Þann dag skoraði múfti Jerúsalemborgar á araba í Palestínu að fara úr landi, af því herir araba væru á leiðinni til að berjast fyrir þeirra hönd.” –Dagblaðið Akhbar el Yom í Kafró, 12. október, 1963.

*Drottin blessi þig frá sion,
hann sem er skapari himins og
jarðar.
(sálm.134,3)*

hjá arababa

Joseph Farah, WorldNetDaily.com
24. febrúar, 2003

“Það eru leiðtogar okkar sem bera ábyrgð á því að hin þorpin voru yfirgefin og hernumin, af því þeir breiddu út orðróm þar sem afbrot gyðinga voru ýkt og þeim lýst sem grimmdarverkum til að egna upp arababa... Með því að breiða út orðróm um fólksuverk gyðinga, að konur og börn hefðu verið drepin o.s.frv., kveiktu þeir ógn og skelfingu í hjörtum arababa í Palestínu, þar til þeir flýðu og skildu eftir heimili sín og eignir handa óvininum.”

-Jórdanska dagblaðið Al Urdun, 9. apríl, 1953. Ég gæti haldið endalaust áfram með þessa sagnfræðimola sem nú eru gleymdir eða jafnvel viljandi reynt að fela. En þetta ætti að tala sínu máli. Það var ekkert samsæri gyðinga til að reka arababa frá heimilum sínum árið 1948. Það bara var ekki fyrir hendi. Hins vegar eru til ýmis gögn þar sem gyðingar biðja arabísku nágranna sína að vera um kyrrt og lifa í sátt og samlyndi. En þrátt fyrir skýran vitnisburð arababa sjálfra á þeim tíma, hefur tekist að skrifa söguna upp á nýtt þannig að gyðingar verða vondu karlamir. Arabaríkin sem byrjuðu ófriðinn hafa aldrei viljað axla neina ábyrgð. Þrátt fyrir að hafa vel efni á því og þrátt fyrir að hafa jafnvel pláss fyrir tugi milljóna flóttamanna á strjálbýlum svæðum í löndum sínum. Og aðrar þjóðir hafa ekki dregið þau til ábyrgðar. – Og leikþátturinn heldur áfram enn í dag. Milljónir arababa halda áfram að þjást til þess eins að gegna stjórnmalalegu hlutverki fyrir arabaríkin. Þeir eru hreinlega það í stríðinu gegn Ísrael.

Í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar voru um hundrað milljónir flóttamanna í heiminum. Palestínuarababarnir eru þeir einu sem ekki samlöguðust eða fengu inngöngu í lönd sinna eigin þjóða. Frá þeim tíma hafa milljónir landflotta gyðinga fengið inngöngu í hið örsmáa Ísraelsríki. Það er ekkert vit í því að þetta sama litla Ísraelsríki eigi að leysa flóttamannavanda sem það ber ekki ábyrgð á. Haldið þið að arababarnir beri mikla umhyggju fyrir flóttamönnum í löndum sínum? Ég vil jafnvel halda því fram að af öllum ríkjum í Mið-Austurlöndum hafi ísraelsmenn einmitt komið fram við arabísku flóttamenn af mestri sanngirni og vinsemd. – Tökum dæmi:

Bláðið The Jordan Times segir að “palestínskir flóttamenn í Líbanon, sem um langa hríð hafa farið á mis við ými borgaraleg réttindi, svo sem rétt til atvinnu, sjá nú fram á enn einn farartálmann á sínum grýtta vegi.” Samkvæmt lagafrumvarpi sem sett var fram á þinginu á síðasta ári munu palestínskir arababarnir sviptir rétti sínum til eigna. Þeir sem eiga nú þegar eignir munu ekki geta arfleitt börn sín að þeim.

Hugsúm okkur nú að slík lög yrðu sett í Ísrael. Hugsúð ykkur bara hvað fólk yrði hneykslað. Hvað skyldu Sameinuðu þjóðirnar segja? Hvað skyldu fjölmiðlar á Vesturlöndum segja um slíka framgöngu? – Samt er þetta að gerast í arabaríki og enginn segir neitt, nema við hérna. – Og lítum á ástæðuna fyrir þessu frumvarpi, eins og henni er lýst í Jordan Times: “Líbanska þingið samþykkti frumvarpið á þeirri forsendu að það óskar þess að vernda rétt palestínskra flóttamanna til að snúa

að lokum aftur til heimila sinna sem þeir flýðu þegar Ísraelsríki var stofnað á palestínsku landi árið 1948.” – Ja, það er nú líkast til. “Við erum að vernda rétt ykkar með því að svipta ykkur rétti.”

Á meðan Ísraelsríki hefur lagt sig í líma við að koma til móts við palestínska arababa, einkum þá sem urðu fyrir skakkaföllum í stríðinu 1948, hafa arababþjóðirnar ekki gert annað en að færa sér ógæfu þeirra í nyt. Og þannig er það enn í dag. Það er ekkert verið að leyna því. Það er hreinlega sett í lög. En heimurinn leiðir það bara hjá sér.

Frá því ég skrifaði grein í október árið 2000 sem nefndist “Myths of the Middle East” (Goðsagnir um Mið-Austurlönd), hafa lesendur víða um heim spurt mig hvað átt sé við með orðinu “Palestínumaður.” – Svarið er einfaldlega að það þýðir hvað sem Yasser Arafat vill að það þýði. Sjálfur fæddist Arafat í Egyptalandi. Seinna fluttist hann til Jerúsalem. Raunar hafa flestir arabar sem búa innan landamæra Ísraelsríkis, komið frá einhverju öðru arabaríki einhvern tíma á æviskeiði sínu. Og arabar halda áfram að hópast til Ísraels og setjast að á palestínsku svæðunum. Þeir fluttust raunar þangað áður en Ísraelar létu af stjórn sinni á þeim.

Arababarnir hafa sett upp 261 byggðakjarna á Vesturbakkanum frá árinu 1967. Við heyrum ekki oft um þær byggðir. En við heyrum sitt hvað um byggðir gyðinga. Þær byggðir valda óróa og eru sérlega ógrandi. Samt er þess að gæta að aðeins 144 byggðir gyðinga hafa verið reistar frá 1967 – að meðtöldum þeim sem eru umhverfis Jerúsalem, á Vesturbakkanum og á Gazasvæðinu. Er þetta þá nýtt af nálinni? Síður en svo. Það hefur alltaf verið þannig. Arababarnir hafa hópast til Ísraels og nágrennis frá stofnun ríkisins og raunar fyrr. Það byrjaði á sama tíma og gyðingar fóru að hópast til Ísraels á árunum fyrir 1948. Árið 1939 sagði Winston Churchill: “Arababarnir eru síður en svo ofsóttir, enda hafa þeir flykkst svo til landsins að þeim hefur fjölgað meira, en öllum gyðingum heimsbyggðarinnar hefur tekist að fjölga hebresku íbúnum.” Og þá vaknar spurning sem ég annars heyrir aldrei spurða: Ef nú stefna ísraelsmanna gerir aröbunum lífið óbærilegt, af hverju halda þeir þá áfram að streyma til Ísraelsríkis?

Þetta er forvitnileg spurning, ekki síst af því palestínudeilan kemur æ oftar að kröfunni um “réttinn til að snúa aftur.”

Samkvæmt þeim arabísku heimildum sem nefna hæstar tölur, var fjöldi arababa sem fór frá Ísrael árið 1948 og þar um kring, 600.000 til 700.000. Flestir þeirra voru ekki reknir burt af gyðingum heldur fóru að áeggjan arabaleiðtoga sem höfðu lýst stríði á hendur Ísrael. – Samt búa þar miklu fleiri arababarnir en nokkru sinni fyrr. Og stór hluti þeirra sem fóru burt 1948 eða síðar, áttu rætur að rekja til annarra arababþjóða.

Þess vegna er svo erfitt að skilgreina hugtakið “palestínumaður.” Og hefur alltaf verið. Hvað tákna þau? Hver er “palestínumaður”? Er það fólk sem kom í atvinnuleit til Palestínu vegna efnahagsþess þar og atvinnutækifæra? Er

það fólk sem hefur búið þar í tvö ár? Fimm ár? Tíu ár? Er það fólk sem einhvern tíma hefur heimsótt svæðið? Er það hver sá arababarni sem langar að búa þar?

Í Mið-Austurlöndum búa hundrað sinnum fleiri arababarnir en gyðingar. Samt sem áður bjuggu ekki sérlega margir arababarnir í Palestínu fram að því þegar gyðingar tóku að sýna landinu aukinn áhuga í byrjun 19. aldar. – Það kemur til dæmis fram í ferðahandbók um Palestínu og Síryland, útgefin 1906 af Karl Baedeker, að þótt hið íslamska Ottómanveldi réði landinu, bjuggu tiltölulega fáir múslimar í Jerúsalem. Í bókinni er áætlað að heildarfjöldi íbúa sé 60.000, þar af 7.000 múslimar, 13.000 kristnir og 40.000 gyðingar. “Fjöldi gyðinga hefur vaxið mjög á undanföllum áratugum, enda þótt þeim sé óheimilt að flytjast til landsins eða eiga land,” segir í bókinni. Þrátt fyrir ofsóknir fluttu gyðingar samt til Jerúsalem og voru orðnir yfirgnæfandi meirihluti íbúa árið 1906. En hvers vegna voru svona fáir múslimar í borginni? Okkur er jú sagt að Jerúsalem sé þriðja helgasta borg Íslam. Ef þetta hefði verið útbreidd skoðun 1906, hefðu þá ekki verið fleiri trúfastir múslimar búsettir þar?

Sannleikurinn er sá að gyðingar bjuggu í Jerúsalem og víðar í landinu helga, allar aldir í sögu Ísraels – eins og fram kemur í merkri bók Joan Peters um uppruna baráttunnar milli arababa og gyðinga á svæðinu, “From Time Immemorial” (Frá ómunatíð.) Það er líka staðreynd að aröbunum fjölgaði eftir því sem fleiri gyðingar komu á svæðið. Arababarnir komu vegna aukinnar efnahagslegrar starfsemi. Og hvort sem menn trúu því eður ei, komu þeir af því það var meira frelsi og fleiri tækifæri í Ísrael en í þeirra eigin heimalöndum.

Það er tími til kominn að brydda upp á frelsinu í þessari umræðu. Á undanföllum árum hefur Freedom House (Frelshúsið), mannréttindastofnun sem fylgist með hvernig þjóðir heims fara með eigin þegna, sagt að um allan heim séu menn að hverfa frá alræðishyggju og forsjarhyggju og leita í átt til frelsis – nema í arababeiminum.

Það eru 22 arabalönd. – Öll eru þau lögregluríki í meira eða minna mæli. Ef bandaríkjastjórn heldur áfram að knýja á um Palestínuríki undir stjórn Yasser Arafats, verða þau 23. Ég vona bara að þessi ríkisstjórn sé að farin að átta sig á stöðunni. Það eru raunar sterkar vísbendingar um að svo sé. Yfirvofandi ófriður í Írak gæti markað vatnaskil í sögu Mið-Austurlanda.

*Hugsúð ykkur bara frjálst Írak.
Hugsúð ykkur frjálst Afganistan.
Hugsúð ykkur frjálst Íran.
Hugsúð ykkur frjálst Líbanon.*

Það gæti gerst. Ef við setjum markið hátt og gerum skyldu okkar. Ef við erum hugrökk og staðföst í þessu stríði við hryðjuverk, stríði sem við áttum ekki upptök að, gæti það vel gerst.

Skóli Vonarinnar

Félagið Zíon, vinir Ísraels hefur í mörg ár verið tengiliður í hjálparstarfi við arabíska skóla, Skóla Vonarinnar (Hope School) sem er í Beit-Jala, rétt hjá Betlehem. Þetta er kristinn grunnskóli stofnaður 1961.

Tilgangur og markmið skólans var og er að hjálpa þeim nemendum sem ekki hafa aðra möguleika til að ganga í skóla. Nemendur í þessum skóla er frá mjög fátækum heimilum, oft þar sem faðirinn eða móðirin er einn eða ein með mörg börn. Ástæður geta verið veikindi, atvinnuleysi, eða jafnvel dauði annars makans eða beggja. Skólinn hefur möguleika að hýsa nemendur allt árið búa við erfiðar aðstæður heima fyrir.

Yfirvöld í landinu styrkja ekki skólann. Fyrir mörgum árum átti ég þess kost að kynna þessu starfi sem varð til þess að skólastjórinn þar kom hingað til Íslands og kynnti þetta starf. Hann heimsótti kristin

samfélög í Reykjavík og í Vestmannaeyjum sem varð til þess að nokkrir einstaklingar gerðust stuðningsmenn skólans, fengu nemanda sem sinn "son eða dóttir".

Hvítasunnukirkjan í Vestmannaeyjum tók að sér að styrkja einn nemanda að fullu. Trúboðssjóðurinn í Vestmannaeyjum hefur verið mjög trúfastur og styrkir nú tvo nemendur að fullu. Hvítasunnukirkjan í Reykjavík hefur einnig stutt þetta hjálpar og "trúboðsstarf" vel á síðustu árum. Einnig hefur skólinn fengið framlag frá Hjálparstarfi Kirkjunnar þegar mikil neyð átti sér stað í Beit-Jala vegna þess ástands sem hefur ríkt í landinu. Margir einstaklingar hafa einnig verið trúfastir stuðningsaðilar skólans í langan tíma. Ég hef haft þá gleði og forréttindi að geta heimsótt skólann árlega og oft farið með ferðamenn þangað. Margir nemenda koma frá múslímskum heimilum

og verða eins og aðrir nemendur að taka þátt í kristnifræðslu og morgunbæn hvern dag. Hin kristni boðskapur hefur haft djúp og varanleg áhrif á marga nemendur.

Nokkrir þeirra eru í dag kristnir kennarar og trúboðar meðal þjóðar sinnar. Félagar í Zíon, vinir Ísraels eru þakklátir fyrir að eiga aðild að þessu mikilvæga starfi í þágu friðar og kærleika.

Ef einhverjir lesendur þessarar greinar hafa löngun til að vera með í þessu hjálparstarfi er hægt að hafa samband við undirritaðan í síma eða tölvupósti.

Ólafur Jóhannsson
S: 5515843.
zion@zion.is



Ólafur er lengst til hægri



Omega frétt




Sjónvarpsþátturinn Ísrael í dag undir stjórn Ólafs Jóhannssonar hefur nú verið sýndur reglulega í tæpt eitt ár á sjónvarpsstöðinni Omega. Þátturinn hefur haft fastan útsendingartíma hvert miðvikudagskvöld kl 20:00. Að auki er hann endursýndur laugardaga kl.15:00 og þriðjudagskvöld kl.23:00. Eins og búist hafði verið við þá hefur þessi þáttur vakið athygli þar sem fjöldi viðmælenda hafa komið fram. Eins og nafnið bendir til þá er Ísrael í "fókus" en ekki aðeins Ísrael "í dag" heldur einnig "í gær" og í framtíð. Við trúum því að Biblían (Ritningarnar) og Ísrael, núverandi tilvera og framtíð sé órjúfanlega samtengd. Við

trúum á mikilvægi þess að blessa Ísrael, biðja fyrir því landi og þjóð sem hefur gefið okkur svo mikið. Kristin kirkja sem kennir sig við Krist á rætur trúar sinnar í fyrirheitum Ritninganna komu Messíasar sem fæddist í Ísraelslandi, gaf sitt líf og sigraði dauðann í Ísraelslandi, mun koma aftur og stofna Friðarríki í sama landi með Jerúsalem að höfuðborg. Sjónvarpsþátturinn Ísrael í dag hefur vakið marga til umhugsunar um afstöðu okkar til þessa lands og þjóðar sem allur heimurinn beinir augum sínum til á okkar tíma. Þátturinn hefur það markmið að vekja hina kristnu til ábyrgðar og treysta á að Guðs vilji megi verða sem fyrst í landi

fyrirheitanna. Þetta þýðir ekki að við séum á móti öðrum þjóðum. Kristnir Ísraelsvinir hafa um langan tíma staðið fyrir hjálparstarfi meðal Palestínumanna á hinum svokallaða "vesturbakka". Sjónvarpsstöðin Omega á þakkir skilið fyrir að blessa Ísrael. Við trúum því að það sé einnig stöðinni til blessunar og framgangs.

Við hvetjum alla kristna bræður og systur að styðja við Omega sem ein allra sjónvarpsstöðva hefur það að aðalmarkmiði að boða þann frið sem varir.



Er ISLAM rót alls ills ?

Margir velta þessari spurningu fyrir sér, þegar þeim berast fréttir um sívaxandi hryðjuverk. Múslímar um allan heim hafa liðið saklausir vegna þessara fréttu að í flestum tilfellum hafa múslímar verið að verki. Við sem kristnir einstaklingar skulum gæta okkar að setja ekki alla múslíma undir sama hatt. En hver er þá ástæðan fyrir þessari tortryggni í garð þeirra sem kenna sig við Íslam? Ástæðan er tvíþætt. Í fyrsta lagi er hana að finna í helgibók þeirra, Kóraninum, og í öðru lagi í ræðum kennimanna þeirra, þegar þeir hvetja til árasa og morða á óvinum, aðallega Bandaríkjamönnum og Síonistum. Nú fæst Kóraninn á íslensku svo auðvelt er að finna þessu stað. Íslam kennir að “gyðingar eru óvinir Allah, Múhameds og englanna” Í Kóraninum finnast 123 ritningarstaðir, sem hvetja til og réttlæta dráp og dauða fyrir málefni Allah. Ég vitna nú í nokkra staði í Kóraninum: “*Allah birti englum vilja sinn og mælti: Ég mun varpa skelfingu í hjörtu vantrúaðra. Hálfhöggvið þá og fingurhöggvið! (Sura 8.12). Þeir sem heyja stríð gegn Allah og sendiboða hans, og kynda undir óöld í landinu, skulu af lífi teknir, krossfestir eða handhöggnir og fóthöggnir báðum megin, ellegar reiknir úr landi... (Sura 5.34) Þér trúaðir, vingist ekki við gyðinga né kristna menn. Þeir eru í vinfengi hvorir við aðra. Sá yðar sem velur þá að vinum er orðinn einn af þeim. Allah leiðbeinir ekki hinum ranglátu (Sura 5.52)*”. Marga fleiri staði væri hægt að nefna. Hvatningarræður margra presta þeirra (Íslams)eru nokkuð skírar. Gyðingar eru lygarar! Þeir eru glæpamenn sem myrða börnin okkar, gera þau föðurlaus og vanhelga okkar Helgustu staði. Berjumst gegn þeim. Drepið þá, hvar sem þið mætið þeim”. Þetta er tekið úr föstudagsræðu í Zayed bib Sultan Aal Nahyan-moskunn

í Gasa 13.10.2000.

Markmið Íslam er að ná heimsyfirráðum. Aðalatriðið er ekki að ná einstaklingnum til trúar á kærleiksríkan og fyrirgefandi Guð, heldur með illu eða góðu. Múhamed sagði: Sverðið er lykillinn að Paradís. Í dag er sprengjan lykillinn. Leiðtogar múslíma á Gasasvæðinu hvetja unga araba til að bera á líkama sínum sprengjubelti og kjósa það hlutverk að fremja sjálfsmorð og drepa sem flesta gyðinga í leiðinni. Í sjálfsmorðssveit fyrir Allah. Þeim er einnig lofað sæluvist í öðru lífi ásamt fjölda (70) meyjja, það er erfitt að trúa þessu. Eithvað sem getur ekki átt sér stað á okkar tíma. En því miður er þetta satt. Íslam fer vaxandi um allan heim. Margir kristnir sofa Pymirósarsvefni á meðan að fjölda kirkna í Evrópu er breytt í moskur. Skipulega setjast þeir að í fjölda löndum og landsmenn verða ekki varir við þessa hættu fyrr en um seinan. Hinir kristnu þurfa að standa upp og berjast gegn þessu. En baráttu okkar er ekki við hold og blóð, ekki við múslíma, ekki við menn af holdi og blóði, heldu við tignimar, völdin heimsdrottna þessa myrkurs, andaverur vonskunnar í himingeimnum. Með öðrum orðum, þetta er andlegt stríð. Andinn bak við Íslam er ekki sá sami og Andi Guðs Abrahams, Ísaks og Jakobs, þess Guðs sem Jesús Kristur opinberaði hér í tilvist sinni og í dag vinnur í hjörtum þeirra sem trúa. Biðjum fyrir múslímum. Biðjum að Guð kærleikans megi opna augu þeirra, svo þeir finni hamingjuleiðina. Ólafur Jóhannsson.

Sjálfsmorð er stríðsglæpur

Þeir sem skipuleggja og standa vísvitandi fyrir sjálfsmorðsárásu á óbreytta borgara gerast um leið sekir um stríðsglæpi gegn mannkyninu og ættu með réttu að vera færðir fyrir dómstóla.” segir í 170 síðna skýrslu mannréttindasamtakanna Mannréttindavaktin, sem birt var í New York í gær. Í skýrslunni segir að leiðtogar samtaka sem lýst hafi ábyrgð á sjálfsmorðsárásu ættu skilyrðislaust að sæta opinberri glæparannsókn. “Þeir sem gerast sjálfsmorðsliðar eru engir píslavottar heldur aðeins stríðsglæpamenn,” segir í skýrslunni.

Þessi grein birtist í DV.2/11 '02

Gíróseðill.

Í þessi blaði liggur gíróseðill fyrir þá sem hafa áhuga á að hjálpa starfi okkar, t.d. við útgáfu þessa fréttablaðs. Við viljum gjarnan að það komi oftar út á ári. Einnig eru aðrir liðir á seðlinum. Vinsamlega finnið ykkur ekki þvinguð til að greiða nokkuð. Blaðið er ókeypis og verður það áfram.



Ó Ísrael, bið þú Drottins,
því að hjá Drottni er miskunn,
hjá honum
er gnægð lausnar,
(Sálm.130.7)



Laufskálahátíðin 2003

Ferð sem aldrei gleymist !

Í 15 ár hafa hópar farið héðan á hina árlegu Laufskálahátíð upp til Jerúsalem. Ennþá virðist vera áhugi, að taka þátt í þessari miklu gleðihátíð sem er nú frá 11.okt.- 17.okt. Farið verður héðan 9.okt. og komið aftur 22.okt. (11 dagar,10 nætur).

Við eru í tengslum við mjög gott hótél á besta stað í Jerúsalem. Þar gistum við einnig á síðasta ári. Í ferðinni gefst okkur tækifæri að fara í skoðunarferðir, t.d. til Nasaret, Betlehem, Kapernaum, bátsferð á Galileuvatni og koma að skírmarstaðnum við ána Jórdan. Betlehem, Einnig höfum við möguleika á heilsdagsferð til hins fræga fjalls Massada og tækifæri að "liggja á" Dauðahafinu og njóta hita, vatns og sólar. Allt ógleymanlegir dagar.

Auðvitað skoðum við alla helstu staði í Jerúsalem, Olúfjallið, Getsemane-garðinn Grátmúrinn. Musterissvæðið, Via dolo Rosa, Betesta, Golgata garðinn, hina tómu gröf Jesú, Grafarkirkjuna, Zíonarhæð, og margt fleira.

Aðrar upplýsingar um kostnað og ferð veitir fararstjórinn Ólafur Jóhannsson í síma 5515843 og 8995843.

Skráið ykkur sem fyrst.

Skráning og nánari upplýsingar
veitir Hildur hjá ferðaskrifstofunni
Terra Nova-Sól,
Stangarhyl 3a s: 591 8000

Einnig Ólafur Jóhannsson, fararstjóri
s: 551 5843/899 5843

ATH! takmarkaður sætafjöldi.

Félagið Zíon, vinir Ísraels hefur í mörg ár stutt Skóla Vonarinnar í Beit Jala, sem er kristinn unglingaskóli meðal fátækra Palestínumanna. Villt þú vera með og hjálpa þeim?
Pósthólf 8930. R.128.

Drottinn grundvallaði
borg sína á heilögum
fjöllum, hann
elskar hlið Síonar
framar öllum bústöðum
Jakobs.(Sálm.87,2).

Biðjið Jerusalem
fríðar sálmur 122:6



Útvarpsstöð fyrir þig og
þína allan sólarhringinn

Sími: 567 1818



Sjónvarpsstöð með
boðskap. Hvers vegna
ekki að gerast
stuðningsmaður?
Hringdu í s: 568 3131

ÚTGEFANDI ÍSRAELSFRETTA

Félagið Zion, vinir Ísraels
pósthólf 8930 128 RVK
www.zion.is
Tölvupóstur zion@zion.is



Ritstjóri:
Ólafur Jóhannsson

Greinar sem
skrifaðar eru
undir nafni eru á
ábyrgð höfundar